

Skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla – 6. hluti

- Námsmat -



2009

Efni

Námsmat..... **3**

Framkvæmd.....3

Námsmat

Námsmat er óaðskiljanlegur hluti skólstarfs. Í aðalnámskrá grunnskóla, 2007, bls. 16-18 segir að námsmat skuli veita nemendum, foreldrum og kennurum upplýsingar um gengi nemenda í námi. Námsmat eigi að vera fastur þáttur skólstarfs og mat skuli fara fram jafnt og þétt á skólagöngunni. Námsmat á að vera bæði formlegt og óformlegt og gefa sem bestar vísbendingar um hvernig nemendum gengur að ná námsmarkmiðum. Námsmatsaðferðir þurfa að vera fjölbreyttar og í takt við kennsluaðferðir og markmið, auk þess að meta allar þætti náms, framfarir, þekkingu, leikni og skilning. Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, gr. 27. er fjallað um að tilgangur námsmats sé að fylgjast með hvort nemendum takist að ná markmiðum Aðalnámskrár og eigin námsmarkmiðum, örva nemendur til framfara og meta hvaða nemendur þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Framkvæmd

Eins og fram hefur komið eru gerðar einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur skólans. Við mat á námsárangri nemenda þurfa því allar viðmiðanir um hraða, tileinkun og færni að miðast við nemandann sjálfan og það námsefni sem honum er ætlað að læra samkvæmt einstaklingsnámskrá. Próf og atriðalistar eru samdir af kennurum, þroskaþjálfum og leikskólakennurum skólans út frá námskrá viðkomandi nemenda hverju sinni. Samræmd könnunarpróf, viðmiðunarlistar, einkunnaskalar og námsefni fyrir aldursvarandi nemendur eru því einungis til hliðsjónar, þar sem það á við, fyrir kennara og aðra fagmenn Öskjuhlíðarskóla þegar þeir vinna að gerð námskráa og mati á námsárangri nemenda. Einstaklingsnámskrár nemenda Öskjuhlíðarskóla byggjast á því að námsefninu hefur verið skipt niður í viðráðanleg þrep (þrepamarkmið) fyrir viðkomandi nemanda. Yfirleitt er nýjum áhersluatriðum ekki bætt í námsefnið fyrr en nemandinn hefur náð að tileinka sér það sem honum var ætlað að læra á fyrra þrepi. Símat á framförum nemenda í viðfangi við áhersluþætti í einstaklingsnámskrá hvers nemanda er því afar mikilvægur þáttur í skólstarfinu. Markmið og viðfangsefni í sérgreinum og samfélagsfræði eru sett fram í bekkjar- og hópáætlunum sem námsáætlanir fyrir hópa. Með hliðsjón af stigskiptingu námsgreina eru viðfangsefni bekkja/hópa útfærð með mismunandi námsáherslum og verkefnum í mismunandi þyngdarstigum við hæfi hvers nemanda. Námsmat er síðan unnið og útfært í samræmi við það. (sjá nánar: Námskrá – markmið og inntak náms í Öskjuhlíðarskóla). Á miðju skólaári eru bekkjaráætlanir og einstaklingsnámskrár endurskoðaðar í ljósi námsárangurs nemenda og gerðar breytingar í vali á viðfangsefnum og /eða námsáherslum ef ástæða er til. Niðurstöður þessarar endurskoðunar eru kynntar og ræddar við foreldra/forráðamenn viðkomandi nemenda.